

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2022**2022/EES/61/24****frá 29. apríl 2022****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/85 frá 20. janúar 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flóníkamíð í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/93 frá 20. janúar 2022 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir akrínatrín, flúvalínat, fólpet, fosetyl, ísófetamíð, pepínómósaíkkveiru af ESB-stofni, vægt einangur Abp1, pepínómósaíkkveiru af stofni CH2, vægt einangur Abp2, spínétóram og spírótetramat í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32022 R 0085**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/85 frá 20. janúar 2022 (Stjttíð. ESB L 14, 21.1.2022, bls. 6),
- **32022 R 0093**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/93 frá 20. janúar 2022 (Stjttíð. ESB L 16, 25.1.2022, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32022 R 0085**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/85 frá 20. janúar 2022 (Stjttíð. ESB L 14, 21.1.2022, bls. 6),
- **32022 R 0093**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/93 frá 20. janúar 2022 (Stjttíð. ESB L 16, 25.1.2022, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 14, 21.1.2022, bls. 6.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 16, 25.1.2022, bls. 1.

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2022/85 og (ESB) 2022/93, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.